# Sandabrot Þingeyjarsveit

*Úttektarskýrsla minjavarðar*

Sædís Gunnarsdóttir

2024

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Sædís Gunnarsdóttir*

*Ljósmynd á forsíðu*
Skipulags svæðisins

© 2024
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

# Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar ....................................................4

2. Niðurstöður ..........................................................................4

3. Heimildaskrá ........................................................................5

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3246*

Tilgangur úttektar:
*Kanna hvort minjar eru á skipulagssvæðinu*

Staðsetning:
*Sandabrot í landi Voga Þingeyjarsveit*

Dagsetning vettvangsferðar:
*29. apríl 2024*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og nýs deiliskipulags fyrir lóðina Sandabrot. Til er skráning sem unnin var vegna aðalskipulags, sjá Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda.* Fornleifastofnun Íslands ses. Einnig var unnin skráning vegna deiliskipulags í óskiptu landi Voga, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2018. *Fornleifaskráning í óskiptu landi Voga í Mývatnssveit: vegna skipulags* Fornleifastofnun Íslands ses. Þar sem þetta skipulagssvæði var ekki skráð sérstaklega árið 2018 kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Engar minjar fundust við úttekt minjavarðar en snjór var enn á hluta úttektarsvæðisins, en sá hluti var skoðaður vel á loftmyndum. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr

um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

## 3. Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda*. Fornleifastofnun Íslands ses.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2018. *Fornleifaskráning í óskiptu landi Voga í Mývatnssveit: vegna skipulags* Fornleifastofnun Íslands ses.